



Upplýsingar til sveitarfélaga um nýtt starfsheiti leiðsagnarkennara

19. júní 2019

Í tengslum við stórsókn stjórnvalda í menntamálum boðar menntamálaráðherra aðgerðir til að efla nýliðun í kennaranámi fjölga þeim sem útskrifast á réttum tíma og halda í þá kennara sem þegar eru í starfi á vettvangi leik- og grunnskóla. Aðgerðirnar eiga að standa í fimm ár. Þessar tillögur byggja að stórum hluta á þeim tillögum sem Samband íslenskra sveitarfélaga hafði forgöngu um að vinna með Háskólanum á Akureyri (HA) og Menntavísindasviði Háskóla Íslands (MVS) og kynntar voru í ársbyrjun 2018. Tillögur menntamálaráðherra eru unnar í víðtækara samstarfi stjórnvalda, sambandsins, KÍ og þeirra háskóla sem mennta kennara. Í þeim felst m.a. að verið er að breyta kennaranámi og bjóða upp á launað starfsnám á lokaári námsins, veita kennaranemum styrk til að ljúka meistaraaritgerð og veita starfandi kennurum styrki til þess að taka nám í starfstengdri leiðsögn við HA eða MVS gegn því að gerast sérstakir leiðsagnarkennarar.

Kennaranemi í starfsnámi skilar 50% starfi sem jafngildir 21,43 klst. á viku (13 kennslustundir) í grunnskóla og 20 klst. vikulegri vinnu í leikskóla. Vinnutími skiptist hlutfallslega milli verkþátta skv. kjarasamningum FG og FL. Skólastjórnandi gæti þess við skipulagningu starfs kennaranema að hann geti sinnt námi sínu og lokaverkefni samhliða starfi.

Gagnlegar upplýsingar um framkvæmd tillagnanna:

- [Fjölguðum kennurum: aðgerðir í menntamálum \(mrn.\) – Spurt og svarað](#)
- [Upplýsingafundur sambandsins um starfsnámsár \(streymi\) 29. maí 2019](#)
 - Gögn með tengdu efni eru aðgengileg að loknum fyrirspurnum .

Tillögurnar miða allar að því að gera náms- og starfsumhverfi kennaranema og nýrra kennara (nýliða) þannig úr garði að þeir ljúki námi á tilsettum tíma, ráði sig til starfa að því loknu og eigi farsælan starfsferil á vettvangi leik- og grunnskóla. Það er aðkallandi að draga úr viðvarandi starfsmannaveltu sem einkennandi hefur verið undanfarin ár, sérstaklega leikskólastigi og farið hefur vaxandi á grunnskólastigi jafnframt, enda bæði kostnaðarsamt fyrir sveitarfélögin og álagsskapandi fyrir starfandi kennara að taka sífellt við nýju starfsfólki. Ríki, sveitarfélög, háskólarnir og KÍ sammæltustu um það við vinnslu þessara aðgerða að leggja sitt af mörkum til þess að ná framangreindum markmiðum svo snúa mætti við þessari óheillaþróun. Fram til þessa hafa reyndir kennarar á vettvangi tekið að sér leiðsögn kennaranema en umgjörð og starf leiðsagnarkennara ekki verið markvisst skilgreint eða útfært. Nýtt starf leiðsagnarkennara miðar að því að móttaka nema og nýliða í starfi verði skipulögð með þeim hætti að viðkomandi festi sig í sessi sem kennari til framtíðar með árangursríkri innleiðingu í starfið og lærdómssamfélag skóla.

Eins og fyrr segir bjóða háskólarnir nú upp á sérstakt þriggja anna nám (30 ECTS) í starfstengdri leiðsögn. Kennararnir geta sótt um styrk frá ríki til að stunda námið,

sem nemur skráningargjöldum en skilyrði styrkveitingar er að skólastjórnandi mæli með umsókn viðkomandi kennara. Í námslýsingu frá MVS segir m.a.: „Námið nýtist sérstaklega þeim sem sinna kennaranemum í vettvangsnámi, nýliðum í kennslu, starfsþróun reyndari kennara og skólaþróun stærri hópa.“

Til að mæta þessu hafa samstarfsnefndir SNS og FG annarsvegar og FL og SNS hinsvegar gert með sér samkomulag um taka upp starfsheitið *leiðsagnarkennari* í kjarasamningi. Samkomulagið er gert beint við stéttarfélagin í gegnum samstarfsnefndir aðila en auk þess áttu fulltrúar stjórnendafélaganna SÍ og FSL og formaður KÍ sæti við borðið þegar verið var að móta umgjörð starfsins.

Samkomulag aðila gerir ráð fyrir að leiðsagnarkennari verði ráðinn í 20% starfshlutfall sem slíkur, að lágmarki. **Ljóst er að það stöðugildi felur í sér umtalsvert fleiri verkefni en þau er snúa að einum kennaranema í starfsnámi** enda lítur hér loksins dagsins ljós umgjörð utan um það mikilvæga starf sem felst í móttöku og innleiðingu nýrra kennara og kennaranema í skólastarf og lengi hefur verið kallað eftir. Leiðsagnarkennara er þannig jafnframt ætlað **að vera leiðandi í eigin skóla við að efla starfsþróun í hópí samkennara og móttöku og leiðsögn nýliða í starfi og kennaranema**. Þannig er góður samhljómur milli þeirra áhersla sem háskólarnir setja í námi leiðsagnarkennara og hvernig samningsaðilar hafa sammælt um útfærslu verkefna þeirra á vettvangi.

Úr [fundargerð samstarfsnefndar FG og SNS frá 21. maí 2019](#):

„Viðfangsefni leiðsagnarkennara skulu útfærð nánar að frumkvæði skólastjóra í hverjum grunnskóla fyrir sig í samráði við kennara sem falið er að sinna leiðsögn. Starfið skal þá taka mið af umfangi leiðsagnar s.s. útfrá fjölda nema, nýliða eða annarra þeirra verkefna sem kunna að snúa að hlutverki leiðsagnarkennara sem faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi grunnskóla...Leiðsagnarkennari er faglegur leiðtogi í lærdóms-samfélagi grunnskóla og er/getur verið starfandi kennurum til ráðgjafar þegar kemur að starfsþróun og endurmenntun.“

Hverjum starfsnámsnema skal tryggður leiðsagnartími sem nemur 6 klukkustundum á mánuði að lágmarki eða 1,5 klst. á viku. Við þetta bætist svo úrvinnsla og undirbúningur leiðsagnarkennarans vegna nemans. **Lágmarksstarfshlutfall leiðsagnarkennara gæti því eftir aðstæðum verið starf sem mætir nokkrum nemum á vettvangi ásamt öðrum þeim verkefnum sem fela má leiðsagnarkennara**. Lykilatriði er að starf leiðsagnarkennara sé sett saman á raunsæjan hátt þannig að ekki flæði út fyrir ramma hvað varðar vinnutímaframlag en 20% starf telst í heild vera rétt ríflega 8 klst. vikulegt vinnuframlag (42,86). Sveitarfélög, í samstarfi við skólastjórnendur, eru hvött til þess að hagnýta vel bæði þann tíma sem áætlaður er sem og fagþekkingu leiðsagnarkennara til þessara aðkallandi verkefna.

Hafa ber í huga að sveitarfélögum er ekki skylt að taka upp starfsheiti leiðsagnarkennara eða ráða/taka við nemum í launað eða ólaunað starfsnám, sú ákvörðun er alfarið hvers sveitarfélags. Ekki er sett það skilyrði að sá sem veiti leiðsögn sé menntaður leiðsagnarkennari en að sjálfsögðu talið æskilegt og að því stefnt til framtíðar.

Háskólarnir hafa skipulagt námið þannig að **kennaranemi hefur val um að ljúka því án þess að taka launað starfsnám** samkvæmt eldra skipulagi þar sem vettvangsnámið fer fram í stuttum lotum. Hægt er að fela starfandi kennurum að taka að sér leiðsögn við þessa nema án þess að taka upp starfsheitið leiðsagnarkennari, sbr. fundargerð samstarfsnefndar: „Kennari sem tekur tímabundið að sér móttöku nema/vettvangsnema sem ekki eru í starfsnámi á lokaári, s.s. kennari á tilteknu námssviði, fellur ekki undir starfsheitið Leiðsagnarkennari.“ Háskólarnir munu eftir sem áður greiða skólum sem taka nema 150.000 – 225.000 kr. greiðslu skv. námssamningi sem leik-/grunnskólar og háskólarnir ganga frá sín á milli.

Þýðingarmikið er að efla samtalið í skólasamfélaginu um mikilvægi þess að vel sé tekið á móti nýliðum og kennaranemum og þeir verði markvisst leiddir inn í störf kennarans. Alkunna er að í núverandi fyrirkomulagi kennaranáms hefur brunnið við að nemendur útskrifist bæði seint og illa eða ljúki jafnvel ekki námi. Stór hluti kennaranema starfa samhliða námi í skólunum eða hafa jafnvel gefist upp á leiðinni m.a. vegna skorts á raunhæfri vettvangstengingu og stuðningi. Þá hefur of hátt hlutfall kennara hrökklast frá störfum á fyrstu árum starfsferilsins.¹

Skv. upplýsingum frá Menntamálastofnun frá 18. júní sl. höfðu verið samþykktar 154 umsóknir um undanþágu til kennslu á grunnskólastigi sem er tæplega 7% fjölgun frá því á sama tíma í fyrra. Stöðuna varðandi þörf á menntuðum leikskólakennurum þekkja allir. Það er engu að síður ljóst að útfærslur þessara aðgerða stjórnvalda koma mjög seint fram og að erfitt getur reynst fyrir sveitarfélög að auka fjárheimildir til skóla vegna leiðsagnarkennara. Í því samhengi mætti skoða þann möguleika að endurskipuleggja samsetningu starfsmannahóps skóla í því skyni að skapa rými fyrir kennaranema á lokanámsári t.d. er varðar fjölda stuðningsfulltrúa. Þannig mætti nýta hluta fjármagns sem ætlað er vegna starfa stuðningsfulltrúa til þess að ráða kennaranema á 5. námsári í tveggja kennara teymi með umsjónar-og/eða fagkennara.

Hagsmunir sveitarfélaga sem rekstraraðila skóla eru augljóslega þeir að fjölga hæfum, ungum kennurum til framtíðar og auka með því gæði skólastarfs. Því mun fylgja kostnaður, bæði hjá ríki og sveitafélögum, ef árangur á að nást til lengri tíma. Það ríður því á að samstillta vel aðgerðir og taka sameiginlega ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara hefur tekið til starfa undir forystu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Fulltrúar sambandsins í hópnum eru Svandís Ingimundardóttir (svandis@samband.is; aðalmaður) og Vigdís Häsler (vigdis@samband.is, varamaður). Fræðslustjórar, skólastjórnendur eða aðrir þeir sem hagsmuna hafa að gæta við innleiðingu verkefnisins geta sent fyrirspurnir til nefndarinnar en þar til hún hefur fengið sérstakt netfang má beina þeim til ofangreindra.

¹ TALIS – Staða og viðhorf kennara og skólastjórnenda (2009, bls. 11): „Miðað við fjölda þeirra sem hafa kennt skemur en 1 ár, þá er eins og helmingsafföll verði ánæstu tveimur árum þar á eftir. Fjöldi þeirra sem kennt hafa í 1-2 ár er helmingi minni, þegar leiðrétt hefur verið fyrir spönnina í svarmöguleikunum.“